

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2019 í máli nr. S-265/2019:

**Ákærvaldið**

*(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)*

**gegn**

**Mahdi Soussi**

*(Þorgils Þorgilsson lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní 2019, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 14. mars 2019, á hendur:

„Mahdi Soussi, fæddum [...],

[...] ríkisborgara, [...],

fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 16. desember 2018, á kvennasalerni [...] við [...] í Reykjavík, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kennitala [...], án hennar samþykkis en ákærði kom á eftir A inn á salernisbás, læsti hurðinni og tók um mitti hennar, sneri henni við, reif niður um hana buxurnar og þvingaði hana til samræðis og endaparmsmaka auk þess að notafæra sér að A gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa áfengis. Af þessu hlaut A sprungu við endaparmsop og mar á hægri síðu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 16. desember 2018 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var kynnt ákærða en með dráttavöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags auk greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þá krefst hann þess að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði.

## I.

Aðfaranótt sunnudagsins 16. desember, kl. 4:29, barst lögreglu tilkynning frá fjarskiptamiðstöð um að ungri konu kynni að hafa verið nauðgað á salerni [...]. Segir í frumskýrslu að utandyra hafi hist fyrir vinkona brotþola og hafi brotþoli legið í fangi hennar. Kvaðst vinkonan hafa heyrt að brotþola hefði verið nauðgað af starfsmanni á salerni staðarins. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi, grátið og verið máttlaus. Lögreglumaður sem ritaði frumskýrslu hafði kveikt á búkmyndavél á meðan á aðgerðum á vettvangi stóð. Sést þar m.a. stutt samtal hans við brotþola áður en hún var flutt á slysadeild. Kvaðst hún hafi verið inni á salerni þegar starfsmaður hefði læst sig inni á salernisbásnum með henni. Þá er haft eftir henni að áður en hún hafi vitað af „var allt farið niður um mig og hann kominn inn í mig“.

Á vettvangi var einnig rætt við vitni sem hafði kallað eftir aðstoð dyravarda. Þá var rætt við dyraverðina. Vísaði annar þeirra á ákærða sem var innandyra og var hann handtekinn. Kveikt var á myndupptöku í lögreglubifreið og þar sést er ákærði segir að hann hafi aðeins verið að hjálpa brotþola sem hafi verið að kasta upp.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns er gerð grein fyrir frekari rannsóknaraðgerðum. Segir þar að brotþoli hafi verið nokkur ölvuð og í miklu uppnámi og hafi því ekki verið unnt að taka af henni framburðarskýrslu. Kvaðst hún hafa farið inn á kvennasalernið á [...] og hefði þá maður, sem hún taldi vera starfsmann staðarins, komið inn á eftir henni. Hafi hún ekki vitað fyrir en hann hafi verið búinn að „rífa niður um hana buxurnar“ og „kominn inn í hana“. Hafi hann haft samfarir við hana aftan frá án þess að fá sáðlát.

Formleg skýrsla var tekin af ákærða í kjölfar handtöku og farið fram á farbann yfir honum. Krafa um farbann var samþykkt með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2018 og sætir ákærði enn farbanni.

Meðal gagna málsins er móttökuskýrsla hjúkrunarfræðings frá 16. desember 2018. Segir í skýrslunni að brotþoli hafi komið í fylgd vinkonu kl. 4:10. Hafi hún verið mjög ölvuð og hvílst til kl. 8:30 en þá verið skoðuð. Greindi hún frá því að starfsmaður [...] hefði brotið gegn henni með nánar tilgreindum hætti á salernisbás. Í skýrslunni segir í samantekt að brotþoli hafi verið dofin og spennst öll upp við skoðun. Hún hafi lýst óraunveruleikakennd og verið í hálfgerðu losti. Í skýrslunni er nánari grein gerð fyrir andlegum einkennum brotþola á þessari stundu.

Þá liggur fyrir skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun sem framkvæmd var af B lækni. Þar er að finna frásögn brotþola af meintu broti sem átti sér stað þegar hún fór á salernisbás á kvennasalerninu. Hafi hún hallað hurðinni aftur og þegar hún hafi verið staðin á fætur og hafði lokið við að girða upp um sig hafi starfsmaður staðarins, sem sé af erlendu bergi brotinn, komið inn, lokað, læst og tekið niður um hana buxurnar. Hafi hún verið einhvern veginn yfir salerninu og fundið þegar hann fór inn í leggöng hennar en vissi ekki alveg með endaparm þó hún teldi það líka geta verið. Hann hafi ekki náð að ljúka sér af og orðið að hætta þegar hann var truflaður. Hafi hann þá opnað og látið sem hann væri að hjálpa henni að kasta upp. Kvaðst brotþoli hafa frosið algjörlega. Hún kvaðst ekki hafa verið í sínu besta ástandi og alls ekki í ástandi til þess að sofa hjá neinum.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir ástandi brotþola við skoðun. Segir að hún hafi svarað öllu skilmerkilega og verið sjálfri sér samkvæm. Hún hafi tárast nokkrum sinnum og þurft endurtekið að þurrka tárin. Kvaðst hún hafa frosið í aðstæðunum og ekkert getað gert á meðan hún fann að brotið var á sér.

Þá kemur fram að brotþoli hafi ekki fundið fyrir neinu nýju varðandi líkama sinn sem gæti gefið til kynna að um áverka væri að ræða. Engin saga væri um óþægindi, sviða, kláða eða annað frá kynfærum eða endaparmi. Við kvenskoðun hafi komið í ljós nýleg slímhúðarrifa við endaparmsop, sprunga um það bil 2 mm djúp með óreglulegum brúnum og vessa í botni t.h. við endaparmsop „kl. ca. 8 um 5 mm, 2 mm breið“. Segir m.a. í niðurstöðu læknisins að hún gæti hafa komið til við meint brot. Ekkert sé að sjá á ytri eða innri kynfærum en það útiloki ekki kynmök.

Skýrslur tæknideildar lögreglunnar eru meðal gagna málsins. Í vettvangsskýrslu er að finna ljósmyndir af kvennasalerni og af salernisbásnum þar sem meint brot átti sér stað. Þar má sjá að hilla er ofan við salerni en þar var pappírstrúlla og á veggnum pappírstrúllukassi sem aflæst er með lykli. Einnig má sjá að læsing á hurðarhlera salernisbáss var bogin, en um er að ræða sveif sem fer inn í fals. Segir í skýrslunni að læsingin hafi verið það mikið glennt út að hún hafi ekki haldið hurðarhleranum. Engin sýni fundust á vettvangi. Þá voru þar engin sýnileg merki um átök.

Rannsókn á gögnum sem varðveitt voru á neyðarmóttöku leiddi í ljós að sáðfrumur voru sjáanlegar á smásjarglerjum sem útbúin voru á neyðarmóttöku og mátti því ætla að þar væru lífssýni sem nothæf væru til DNA-kennslagreiningar. Voru sýnin send Nationelt Forensiskt Centrum (NFC) ásamt samanburðarsýnum frá brotþola og ákærða. Í greinargerð tæknideildar vegna rannsóknarinnar kemur fram að í svari NFC hafi verið staðfest að sáðfrumur hefði verið að finna í tveimur sýnum teknum í kringum endaparm brotþola og á leggangavegg. Greining á sýnunum hefði

leitt í ljós að bæði höfðu sama DNA-snið, sem reyndist vera DNA-snið ákærða. Önnur sýni voru ekki rannsökuð.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist meðaltal alkóhóls í blóði brotþola 1,69‰ en 2,15‰ í þvagi.

## II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Brotþoli kvaðst hafa verið að skemmta sér á [...] með vinkonu sinni. Hún hafi þurft að fara á salernið og farið þangað ein. Hafi maður komið sem vildi leiða hana inn á salerni karla. Hafi ákærði, sem var starfsmaður, komið og gripið inn í og beint henni inn á salerni kvenna. Hafi hún farið inn á salernisbásinn og hafi hurðin verið opin á meðan en hún hafi verið ein þar inni. Þegar hún hafi verið búin hafi ákærði komið og án þess að segja nokkuð ýtt henni inn á básinn og læst. Hann hafi tekið í hana og snúið henni harkalega við með því að grípa um hana miðja, nánar tiltekið undir brjóstin. Hún hafi spurt hvað hann væri að gera en hann hafi rífið niður um hana og þröngvað sér inn í hana. Hafi hún fundið að hann fór inn í leggöng hennar en kvaðst aðspurð ekki muna hvort hann hefði farið inn í endaparm hennar. Kvaðst brotþoli hafa reynt að ýta aftur fyrir sig en hann hafi tekið hönd hennar hörkulega frá. Hafi hún verið yfir salerninu með hendur á veggnum. Kvaðst brotþoli hafa frosið og hún „sónað út“. Aðspurð taldi brotþoli ákærða ekki hafa fengið sádlát. Hún hafi svo heyrt þegar bankað var á hurðina og einhver spurt hvað væri að gerast. Ákærði hafi þá rífið upp um hana buxurnar og látið sem hún hefði þurft að æla. Kvaðst brotþoli muna eftir því að C, dyravörður sem hún kannaðist við, hefði spurt hana hvort það væri rétt og hún hefði sagt nei og orðið alveg máttlaus. Hafi dyravörðurinn aðstoðað hana í kjölfarið og vinkona hennar hafi einnig komið inn á salernið. Þau hafi síðan farið út og lögreglan komið á vettvang. Þaðan hafi hún farið á neyðarmóttökuna og hitt lækni eftir að hún hefði sofið um stund. Brotþoli kvaðst hafa tekið eftir mari á mjöðm eða við rifbein daginn eftir. Það hafi verið á svæði þar sem hún hafði verið aum eftir atvikið. Hefði hún tekið mynd af áverkunum. Einnig hafi hún verið marin á fleiri stöðum en kvaðst ekki átta sig á því hvernig þeir áverkar voru tilkomnir. Hún kvaðst aðspurð hafa verið aum við endaparm.

Brotþoli kvaðst ekki hafa þekkt ákærða fyrir. Hann hefði verið á barnum þegar hún keypti „skot“. Hún kvaðst ekkert hafa talað við hann og kvað það rangt sem hann héldi fram, að hún hefði sýnt honum áhuga eða átt frumkvæði að kynferðislegum samskiptum við hann á salerninu. Þá kvaðst hún ekki hafa kastað upp á salerninu. Aðspurð kvaðst hún ekki muna eftir því að ákærði hefði sótt salernispappír og komið með.

Brotapoli kvaðst hafa drukkið áfengi á skemmtistaðnum. Hún hefði þó alls ekki verið ofurölvi og myndi atvik vel. Hafi hún verið meðvituð um umhverfi sitt á meðan ákærði braut gegn henni. Spurð um orðalag sem haft er eftir henni á neyðarmóttölu um að hún hefði ekki verið í „ástandi til þess sofa hjá“, kvaðst brotapoli þekkja sín mörk í þessum efnum en hún hefði ekki verið nálægt því að vera áfengisdauð þetta kvöld. Aðspurð sagði hún áfallið hafa haft þau andlegu og líkamlegu áhrif á hana sem raun bæri vitni.

Brotapoli lýsti andlegri líðan sinni í kjölfar atviksins og þeim áhrifum sem það hefði haft á daglegt líf hennar. Fram kom að hún hefði ekki getað haldið námi sínu áfram. Hún hefði fyrst nú fundið fyrir breytingum til batnaðar og hefði meðferð hjá sálfræðingi haft þar mikið að segja.

D kvaðst hafa verið á [...] með brotapola. Brotapoli hafi þurft að fara á salernið. Eftir nokkurn tíma hafi vitnið farið að lengja eftir henni og farið inn á salerni. Þá hafi hún séð brotapola í fangi dyravarðar og strax séð að eitthvað hefði komið fyrir. Hafi brotapoli verið í eins konar losti og ekkert sagt fyrr en þær voru komnar út. Þá hafi hún brotnað niður og grátið og sagt vitninu frá því að barþjónn hefði elt hana inn á klósett og nauðgað henni. Síðar hafi brotapoli sagt henni að gerandinn hefði verið barþjónninn sem afgreiddi þær á barnum fyrr um kvöldið. Aðspurð kvað vitnið brotapola ekki hafa sýnt honum nokkurn áhuga. Vitnið kvað brotapola hafa verið drukka umrætt sinn en ekki ofurölvi. Vitnið kvaðst hafa drukkið meira en brotapoli en kvaðst þó hafa verið vel meðvituð um umhverfi sitt. Brotapoli hefði ekki kastað upp um kvöldið svo hún vissi. Aðspurð kvað vitnið brotapola hafa sýnt sér áverka á síðunni.

Vitnið kvaðst hafa farið með brotapola á neyðarmóttökuna. Atvikið hefði tekið mikið á brotapola og hún hefði orðið vör um sig gagnvart karlmönnum sem minntu hana á gerandann. Kvaðst vitnið vera besta vinkona brotapola en þær hefðu kynnst á barnsaldri.

E kvaðst hafa verið gestur á [...] umrætt sinn og hefði hann verið talsvert ölvaður. Hann hafi veitt brotapola athygli og minnti að hann hefði rætt eitthvað við hana og hugsanlega ætlað með henni á karlasalernið. Aðspurður taldi hann rétt vera að starfsmaður sem þarna var hefði skipt sér af því. Minnti hann að brotapoli hefði verið mjög ölvuð. Hafi vitnið ætlað að bíða eftir að brotapoli væri búin á kvennasalerninu. Hafi hann séð að fyrrnefndur starfsmaður hefði farið inn og út af salernunum. Hafi hann verið að safna saman glösum og hafi hann fylgst með honum. Starfsmaðurinn hafi síðan ekki komið út af salerninu þar sem brotapoli var fyrir. Minnti hann að hann hefði ýtt á hurðina en henni hefði verið sparkað eða ýtt á móti. Hann hafi ekki heyrt nein hljóð. Kvaðst vitnið hafa farið fram og kallað á dyraverði, en sér hefði þótt þetta grunsamlegt. Hafi hann séð brotapola og starfsmanninn koma út af salernisbásnum.

Hann hafi rætt við lögreglumenn á vettvangi en mundi ekki hvað hann hefði sagt við þá. Þá kvaðst hann hafa séð brotþola hágrátandi liggjandi í götunni.

F starfaði sem dyravörður á [...] á þeim tíma sem um ræðir. Lýsti hann því er maður hefði komið til hans og beðið hann að koma með sér. Hafi vitnið strax skynjað að eitthvað væri að og beðið samstarfsmenn sína, C og G, að koma með sér. Maðurinn hafi farið á undan og inn á salerni og bent á einn básinn. Hafi maðurinn reynt að ýta á hurðina og tekist að opna hana í annarri tilraun. Nánar spurður kvað hann sér hafa fundist sem hurðin hefði verið ólæst. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vita hvort læsingin á salernishurðinni hefði verið bogin fyrir atvikið. Þegar hurðin var opnuð kvaðst vitnið hafa séð ákærða og brotþola standa bogna yfir salerninu og snúa baki í hurðina. Ákærði hafi staðið fyrir aftan hana og verið að hysja upp um sig buxurnar. Hafi hann orðið vandræðalegur og farið að eiga við pappírsrúllu sem var á hillu ofan við salernið og látið sem hann væri að setja hana í pappírsrúllukassann. Hafi honum ekki fundist það trúverðugt, auk þess sem það hafi þurft að opna kassann með lykli. Kvaðst vitnið muna eftir því að ákærði hefði beðið G um lykil að kassanum á meðan hann var enn inni á básnum. Hafi vitninu strax fundist aðstaðan tortryggileg og óeðlileg.

Vitnið kvað brotþola hafa verið stjarfa, hún hafi ekki grátið og ekkert sagt. Hafi hún litið út fyrir að vera mjög drukkin. Hún hafi verið í leggings-buxum sem hafi pokað í klofinu, líkt og þær væru ekki alveg uppdregnar. Maðurinn sem hefði kallað á vitnið til aðstoðar hefði verið mjög æstur og umhugað um að eitthvað yrði gert. Hafi hann ítrekað sagt „þú sást þetta“. Hefði maðurinn sagt honum að hann hefði verið að bíða eftir brotþola og hann hefði, eftir að hann varð þessa áskynja, reynt að ýta upp hurðinni. Hafi vitnið þurft að róa manninn en samstarfsmaður hans, C, hefði hugað að brotþola sem ekki hefði farið út af básnum fyrr en hann talaði til hennar. Hefði hann farið með hana út. Kvaðst vitnið virkilega hafa áttað sig á alvarleika málsins þegar hann hefði meðtekið allar upplýsingar og þá orðið mjög reiður. Lögreglan hafi síðan komið og hafi hann þá vísað henni á ákærða.

G kvaðst hafa verið vaktstjóri á [...]. Hafi viðskiptavinur komið til hennar og F og sagt að verið væri að nauðga stúlku á salerninu. Hafi hún elt þá inn á salernið. Hafi brotþoli og ákærði komið þaðan út. Hafi ákærði verið með hanska á höndunum og haldið á pappírsrúllu. Vitnið kvaðst hafa lent í orðaskaki við viðskiptavininn sem hefði verið mjög æstur og afskiptasamur. Hún hafi síðan rætt við ákærða sem hafi sagt henni að brotþoli hefði verið að kasta upp á salerninu. Hafi henni fundist sem ákærði væri í „sjokki“ en hann hafi skilið að hann þyrfti að bíða eftir lögreglunni. Um ástand brotþola kvað vitnið sér hafa fundist sem hún hefði drukkið allt of mikið og hefði verið erfitt að ræða við hana. Hafi hún sagt að „einhver hefði farið inn í hana“. Aðspurður kvaðst vitnið m.a. hafa falið ákærða að fara „salernistékk“. Þegar mikið væri að gera gæfist ekki alltaf tími til þess að skipta um pappírsrúllur. Stundum væri

pappírsrúllukassanum aflæst eða að settar væru salernisrúllur á hillu inni á salernisbásnum.

Vitnið kvaðst hafa munað atvik betur er hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Aðspurð taldi hún því rétt það sem eftir henni væri haft, m.a. um að viðskiptavinur hefði ekki gefið upp ástæðu fyrir því að hann kallaði eftir aðstoð F og að hún hefði séð brotþola beygja sig í átt að salerninu þegar hún leit inn á salernisbásinn.

C kvaðst hafa starfað sem dyravörður á [...] umrætt sinn. Lýsti hann því er maður hefði komið og sótt hann og F. Hann hafi ekki sagt þeim hvað hefði gerst en gengið rösklega af stað. Hafi þeir farið beint inn á kvennasalernið og maðurinn sagt að karlmaður væri inni á einum salernisbásnum með stelpu. Hafi hann gefið í skyn að það væri eitthvað sem hún ekki vildi. Hafi maðurinn ýtt á hurðina en einhver hefði ýtt á móti. Hafi hurðin ekki verið læst. Þá hafi þeir F ýtt aftur á hurðina og hún opnast. Hafi hann séð brotþola yfir salerninu með bakið í karlmann sem hafi staðið fyrir aftan hana. Hafi það verið ákærði, starfsmaður staðarins. Hafi hann strax farið að afsaka sig og talað um pappírsrúllu og ælu. Aðspurður kvað vitnið pappírsrúllu hafa verið á salerninu. Mundi hann ekki hvort ákærði hélt á rúllunni eða hvort hann hefði teygt sig eftir henni á hillunni. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir að buxur brotþola hefðu ekki verið dregnar alveg upp í klofið. Brotþoli hafi síðan snúið sér við og fallið í fang hans. Hafi hún ekkert notað fæturna og virst ekki vera í góðu ástandi. Vinkona hennar hafi síðan komið á salernið og einnig verið í miklu uppnámi. Hafi hann tekið brotþola í fangið, farið með hana út og reynt að róa hana. Kvaðst vitnið hafa kannast við brotþola, en hún hefði verið með honum í grunnskóla. Hafi tekið tíma að ná athygli hennar og hann ekki náð almennilegu sambandi við hana. Hafi hún sagt að gerandinn hefði „þröngvað sér inn í hana“.

H lögreglumaður kvaðst hafa farið á vettvang eftir útkall vegna atviks á [...]. Hafi hann komið fljótt á vettvang en þar hafi brotþoli verið utandyra og legið í fangi vinkonu sinnar. Margir hafi verið á vettvangi og átt að fara að loka staðnum. Hafi vinkonan verið æst og sagst hafa heyrt að brotþola hefði verið nauðgað. Brotþoli hafi grátið mjög mikið, hún verið máttlaus og varla getað haldið sér uppi. Hún hafi í fyrstu ekki talað neitt en vitnið kvaðst hafa farið með hana í lögreglubifreiðina þar sem hún hefði tjáð sig lítilliga. Hafi hún virst vera drukkin en vitninu hafi fundist greinilegt að eitthvað mikið hefði gerst og fas hennar bent til þess að hún væri í áfalli. Hafi hún lagst á hliðina í bifreiðinni og hágrátið. Vitnið kvað lögregluna hafa farið inn á staðinn og hefði dyravörður borið kennsl á ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið með kveikt á búkmyndavél á meðan á þessu stóð og hann hefði átt stutt samtal við brotþola, eins og nánar er gerð grein fyrir í frumskýrslu.

I lögreglumaður lýsti vettvangsrannsókn sinni og annarri aðkomu að málinu. Aðspurður kvaðst hann hafa myndað umræddan salernisbás. Læsing á hurðarhleranum

hefði verið spennt út og því ekki haldið honum, líkt og honum hefði verið ýtt inn og læsingin gefið eftir. Vitnið kvaðst hafa útbúið sérstaka skýrslu vegna pappírsrúllukassa á básnum. Hafi hann verið læstur þegar vitnið kom á vettvang en láðst hefði að geta þess í upphaflegri skýrslu.

J, sérfræðingur í tæknideild, gerði grein fyrir aðkomu sinni í tengslum við rannsókn á sýnum úr ákærða og brotþola til DNA-rannsóknar. Sáðfrumur hafi fundist í sýnum nema því sem tekið var innan úr endaparmi, það sýni hafi þó sýnt jákvæða svörun við sæðisprófun eins og öll hin sýnin. Einnig hafi sýni úr klofbot nærbuxna brotþola gefið svörun við sæðisprófun. Kvaðst vitnið hafa fundið sáðfrumur í sýni sem hann hefði útbúið og tekið hafði verið úr leghálsi brotþola á neyðarmóttöku. Hafi þau sýni sem innihéldu sáðfrumur verið send til frekari rannsóknar. Hafi rannsóknarstofan ytra rannsakað tvö sýnanna sérstaklega, í kringum endaparm og leggangavegg. Niðurstaða rannsókna hafi verið sú að sýnin innihéldu DNA-snið ákærða og hafi í framhaldinu verið ákveðið, í samráði við ákærvaldið, að ekki væri þörf á frekari rannsóknum. Aðspurður kvað vitnið ekki unnt að segja til um magn sæðis út frá jákvæðri svörun sýnanna. Taldi hann þá staðreynd að jákvæð svörun hefði fengist í mörgum sýnum teknum af mismunandi svæðum fremur benda til þess að um sæðisvökva hefði verið að ræða en ekki svokallaðan forvökva. Spurður um sæðisbletti sem fundust á ákærða kvað vitnið ekki unnt að staðfesta hversu gamlir þeir blettir væru. Hins vegar hafi niðurstöður rannsókna sýnt að sæðið hefði verið úr honum.

K hjúkrunarfræðingur lýsti ástandi brotþola við komu á neyðarmóttöku, frásögn hennar af atvikum og aðkomu sinni að öðru leyti. Aðspurð kvaðst hún hafa merkt við að brotþoli hefði kastað upp og minnti hana að hún hefði gert það áður en hún kom á neyðarmóttökuna.

B læknir fór yfir helstu atriði skýrslu sinnar um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola. Hafi brotþoli lýst atvikum og tekið fram að gerandinn hefði sett getnaðarlim í leggöng hennar en sagst ekki vita hvort hann hefði haft við hana endaparmsmök. Nýleg sprunga hafi verið á slímhúð fyrir utan endaparm sem hafi stafað af þrýstingi á utanvert svæðið. Brotþoli hafi ekki nefnt annað sem hefði gefið til kynna aðra áverka á líkama hennar og því hafi hún ekki verið skoðuð með tilliti til þess.

L sálfræðingur kvaðst hafa hitt brotþola samtals þrettán sinnum, þar af hefði hún farið í níu meðferðarviðtöl. Hún hefði greint frá einkennum er tengdust umræddu atviki og hefði hún enn haft þau níu vikum eftir atburðinn. Hafi þá verið gert nýtt próf og hafi niðurstaða leitt í ljós skýr einkenni áfallastreituröskunar. Í fyrstu hafi brotþoli haldið aftur af sér og virst vera dofin og flöt en þegar hún hafi farið að horfast í augu við atburðinn hafi líðan hennar farið versnandi. Hún hafi því forðast að sinna

verkefnum og grátið þegar hún ræddi atburðinn. Það væri fyrst núna sem batinn væri að hefjast.

### III.

#### Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök nauðgun með því að hafa haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola, án hennar samþykkis, á salerni skemmtistaðar þar sem hún var gestkomandi en hann starfsmaður. Samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru kom hann fram vilja sínum með því að þvinga brotþola til samræðis og annarra kynferðismaka með nánar tilgreindum hætti. Þá hafi hann notfært sér ölvunarástand brotþola sem gerði henni ókleift að sporna við verknaðinum.

Ákærði neitar sök. Kannaðist hann við að hafa haft samræði við brotþola umrætt sinn en kvað það hafa verið með samþykki brotþola sem jafnframt hefði átt frumkvæðið að kynmökunum.

Ákærði kaus að gefa ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann tjáði sig hins vegar á vettvangi, auk þess sem tekin var af honum ítarleg skýrsla hjá lögreglu. Við sönnunarmat verður litið til þessara gagna, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Til þess er að líta að framburður ákærða á rannsóknarstigi var ekki stöðugur. Þannig voru skýringar hans á veru hans á salerninu með brotþola ekki á einn veg. Annars vegar greindi hann frá því á vettvangi og í samtali við vitnið G að hann hefði aðeins verið að aðstoða brotþola því hún hefði verið að kasta upp. Hins vegar tiltók hann í formlegri skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði verið staddur á salerninu þegar brotþoli hefði komið út af salernisbásnum og beðið hann um pappír til að þurrka sér og farið að kyssa hann. Hann hafi sótt pappír og ætlað að setja pappírinn í pappírskrúllukassann en þá hafi brotþoli verið komin inn á salernisbásinn og haft frumkvæði að kynmökum við hann. Hafi hún verið ágeng og hann sagt „nei, nei, nei“ en um 10 sekúndum síðar hafi dyraverðir komið.

Að mati dómsins eru framangreindar skýringar ákærða ótrúverðugar. Þá fá þær ekki stoð í gögnum málsins, ummerkjum á vettvangi eða framburðum vitna. Að mati dómsins er það til merkis um huglæga afstöðu ákærða að hann veitti brotþola sérstaka athygli um kvöldið og gaf sér að hún hefði sérstakan áhuga á honum. Þá kvaðst hann hafa tekið eftir því að brotþoli hefði verið ölvuð. Hafi það verið ástæða afskipta hans af vitninu E. Kemur allt framangreint fram í skýrslu hans hjá lögreglu.

Brotþoli gaf skýrslu fyrir dóminum. Lýsti hún skilmerkilega aðdraganda, aðstæðum og því hvernig ákærði hefði haft samræði við hana gegn vilja hennar. Framburður brotþola var staðfastur, einkar trúverðugur og hefur í öllum meginatriðum verið stöðugur allt frá því að hún tjáði sig á vettvangi. Kom þá strax

skýrt fram hjá henni að ákærði hefði brotið kynferðislega gegn henni, eins og vitni bera um. Þá gaf hún nákvæma lýsingu á atvikum á neyðarmóttöku og í skýrslutöku hjá lögreglu.

Samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru er ákærða gefið að sök að hafa umrætt sinn haft samræði og endaparmsmök við brotþola, en við það hafi hún hlotið nánar tilgreinda áverka. Sannað er með framburði brotþola, framburði ákærða og rannsóknargögnum tæknideildar að ákærði hafði samræði við brotþola. Þá telur dómurinn sannað að hann hafi jafnframt haft við hana endaparmsmök. Til þess er að líta að brotþoli lýsti því svo að ákærði hefði „þröngvað sér inn í hana“ en allt hefði gerst mjög hratt. Á neyðarmóttöku kvaðst brotþoli ekki vera viss um endaparmsmök en taldi það geta verið. Hér fyrir dómi bar hún á sama veg en kvaðst hafa verið aum við endaparm. Við skoðun sáust nýlegir áverkar við endaparm og kom fram hjá vitninu B lækni að þeir væru tilkomnir vegna utanaðkomandi þrýstings á svæðið. Liggur fyrir niðurstaða DNA-rannsóknar sem sýnir að DNA-snið ákærða fannst í sýni sem tekið var við endaparm brotþola. Telur dómurinn framangreint styðja það að ákærði hafi reynt að þrengja getnaðarlim sínum í endaparm hennar, en með því að getnaðarlimur hans snerti svæðið þar í kring hefur hann gerst sekur um önnur kynferðismök en samræði. Vísast í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 192/2016 og athugasemda með greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem önnur kynferðismök eru skilgreind sem háttsemi af kynferðislegum toga sem er til þess fallin að veita geranda kynferðislega fullnægju sem leggja megi að jöfnu við samræði og felur í sér kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju.

Sannað er með framburði brotþola að ákærði beitti aflsmunum er hann þvingaði hana til samræðis og annarra kynferðismaka. Eins og rakið hefur verið eru áverkar á endaparmi raktir til þess. Þá telur dómurinn ekki óvarlegt að telja sannað að mar á hægri síðu brotþola verði jafnframt rakið til háttseminnar. Lýsti brotþoli því hversu harkalega ákærði hefði gripið um hana til að snúa henni við. Kvaðst hún hafa tekið eftir mari næsta dag og myndað það. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum frá neyðarmóttöku og skýrslu læknis var það ekki sérstaklega skoðað þar sem brotþoli vakti ekki athygli á því. Á hinn bóginn vakti brotþoli athygli á áverkunum og staðsetningu þeirra í skýrslutöku hjá lögreglu fjórum dögum síðar, eins og fram kemur í upptöku af skýrslutökunni, en áverkarnir voru ekki myndaðir við það tækifæri.

Í málinu er ekkert fram komið sem styður framburð ákærða hjá lögreglu um að brotþoli hafi verið samþykkt kynmökum við hann. Á hinn bóginn fær framburður brotþola um hið gagnstæða styrka stoð af gögnum málsins. Þá lýstu vitnin F og C á greinargóðan hátt upplifun sinni af atvikum og því sem fyrir augu bar er

salernisbásinn var opnaður. Eins og sést af upptöku úr búkmyndavél og lýst var í framburði vitna, sér í lagi C og lögreglumannsins H, var ástand brotaþola slíkt strax í kjölfar meints brots að ljóst var að hún hafði orðið fyrir verulegu áfalli. Kemur það heim og saman við greinargóða lýsingu brotaþola á einkennum áfallsins á meðan ákærði braut gegn henni. Fær það stoð af gögnum neyðarmóttöku þar sem andlegri líðan brotaþola er lýst og sálfræðivottorði í málinu.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að fram sé komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um nauðgun með þeim afleiðingum sem þar greinir og er háttsemin rétt heimfærð undir 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa notfært sér að brotaþoli gat ekki spornað gegn verknaðinum sökum áhrifa áfengis. Áfengismagn í blóði brotaþola mældist 1,69‰ en 2,15‰ í þvagi og er áfengismagnið eitt og sér ekki sönnun þess að ástand brotaþola hafi verið eins og áskilið er í 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Fallast má á það með ákærvaldinu að almennt hefur ölvunarástand brotaþola þau áhrif að þeir eru síður í stakk búnir til að veita viðnám og auðveldar það þannig gerendum að brjóta gegn þeim. Þannig er líklegt að ástand brotaþola hafi sumpart haft áhrif á mótstöðuafli hennar. Hins vegar má ljóst vera af skilmerkilegum framburði brotaþola að það var ekki ölvunarástand hennar heldur áfallið sem hafði þau líkamlegu og andlegu áhrif á hana að hún var ekki fær um að sporna gegn verknaðinum, auk þess sem aðstæður voru sérlega ógnvekjandi og óvæntar. Fær þetta stoð í vitnisburði D og H lögreglumanns og öðrum gögnum málsins. Verður háttsemi ákærða því ekki, auk 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, heimfærð undir 2. mgr. ákvæðisins og er ákærði því sýknaður af þeim hluta ákæru.

### **Refsiákvörðun og einkaréttarkrafa**

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um refsiverðan verknað svo vitað sé. Hann hefur nú verið fundinn sekur um gróft kynferðisbrot. Við ákvörðun refsingar er til þess litið að ákærði var starfsmaður á skemmtistað þar sem brotaþoli taldi sig vera óhulta. Nýtti hann aðstöðu sína til illverka og var ásetningur hans einbeittur. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að háttsemin hefur valdið brotaþola mikilli vanlíðan sem hún glímir enn við. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1., 2., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Brotaþoli á rétt á miskabótum vegna háttsemi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Háttsemi ákærða er almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum. Fyrir liggur sálfræðivottorð og vitnisburður sálfræðings um áhrif og alvarlegar afleiðingar brots ákærða fyrir brotaþola. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 2.000.000 króna en fjárhæðin ber vexti eins og

nánar greinir í dómsorði. Ákærða var birt einkaréttarkrafan við þingfestingu málsins og er upphafsdagur dráttarvaxta mánuði síðar.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 1.686.400 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Valgerðar Valdimarsdóttur lögmanns, 774.690 krónur, og 409.148 krónur í annan sakarkostnað. Litið er til umfangs málsins við ákvörðun þóknunar lögmannna. Þá er tekið tillit til vinnu þeirra á rannsóknarstigi og er þóknunin ákvörðuð með virðisaukaskatti.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Mahdi Soussi, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 16. desember 2018 til 15. maí 2019, en með dráttavöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 1.686.400 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Valgerðar Valdimarsdóttur lögmanns, 774.690 krónur, og 409.148 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted (sign.)